

Umhverfisstofnun
Áb. 235
08 DES. 2003
54.53
Tilv UST2003/100095



Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun er opin og gegnþingastofnun.

3. hæðin, Austurhlíð 24
101 Reykjavík, Ísland

Í símanum 591 1000
FAX 59541 591 1010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

1. desember 2003
Tilvísun: UST20031100095/bs

Karlshöfn á Gjögri. Umsögn um matskyldu

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matskyldu fyrirhugaðra hafnarframkvæmda á Gjögri.


Um er að ræða endurbyggingu "sjóvarnargarða".


Í bréfi Hilmars F. Thorarensens dags. 13. nóvember sl. sem fylgdi bréfi Skipulagsstofnunar um framkvæmdina kemur fram að ráðgert sé að nýta í nýja garða grjót sem hafið hefur brotið úr eldri gördum og borið inn í höfnina. Talið er að hér sé um 500-800 m³ að ræða. Ef það grjót hrekkur ekki til er ætlun Hilmars að sækja það grjót sem á vantar í grjótnámu sem opnuð verður vegna byggingar sjóvarnargarðs á Gjögri. Fyrirhuguð framkvæmd er hvorki á friðlýstu svæði né á svæði á náttúruminjaskrá. Fyrirhuguð framkvæmd er á svæði sem þegar hefur verið raskað vegna lendingarbóta.

Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að nota annað efni en grjót í fyrirhugaða garða vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa sem önnur efnisnotkun gæti haft í för með sér. Ónýta gáma (sbr. bréf Hilmars 3. nóv. 1994) eða annað tilfallandi efni ætti ekki að nota í sjóvarnargarða (nema að fenginni umsögn Siglingastofnunar). Umhverfisstofnun telur æskilegt að vinnsla á grjóti fyrir Karlshöfn fari fram samtímis grjótvinnslu til sjóvarna við Gjögur til að tryggja sem besta nýtingu og frágang námunnar.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að því tilskyldu sem að ofan greinir að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt,


Björn Stefánsson


Helgi Jensson